

Dyrnar í Dyrfjöllum. Mynd: Hafþór Snjólfur Helgason



Greinargerð

Greinargerð um framkomnar athugasemdir um kynningu á tillögu að friðlýsingu verndarsvæðis norðan Dyrfjalla og náttúruvættisins Stóruðar.

Drög að friðlýsingu jarðanna Unaóss-Heyskála, Hrafnabjarga og hluta jarðarinnar Sandbrekku voru lögð fram til kynningar þann 13. október 2020. Frestur til að skila inn athugasemdum var til og með 15. janúar 2021. Lagt var til að svæðið yrði skilgreint sem landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð.

Umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartími var auglýstur á heimasíðu og facebook síðu Umhverfisstofnunar.

Athugasemdir

Alls bárust athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir frá 15 aðilum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á tillögu að friðlýsingarskilmálum í kjölfar kynningarferlisins. Samstarfshópur sem vann að undirbúningi friðlýsingarinnar þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir.

Svör Umhverfisstofnunar

<p>Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum</p> <p>Félagið gerir athugasemdir við að skotveiðar séu takmarkaðar umfram það sem markmið friðlýsingar krefjast. Sérstaklega er þar mótmælt banni við hreindýraveiðum í Stóruð.</p> <p>Þá er bent á að skv. reglugerð fyrirgerir landeigandi rétti sínum til arðgreiðslna af hreindýraveiðum ef lagt er á bann við veiðum.</p>	<p>Varðandi markmið friðlýsingar þá er það vilji samstarfshóps um friðlýsingu svæðisins að svæðið við gönguleiðir að, og innan Stóruðar verði tekið frá til ferðamennsku. Það er metið sem svo að skotveiðar fari ekki vel á svæði sem er ætlað til ferðamennsku og því verður skotveiðibanni í Stóruð viðhaldið að undanskildum rjúpnaveiðum en veiðitímabil rjúpna sem er utan álagstíma í ferðamennsku.</p> <p>Í 2. gr. friðlýsingaskilmála hefur eftirfarandi umfjöllun verið bætt við markmið friðlýsingar:</p> <p><i>„Hið verndaða svæði er varðveitt til náttúruupplifunar fyrir almenning og er kappkostað að innviðir geri sem flestum fært að njóta svæðisins án þess að skerða náttúruverðmæti og/eða upplifun annarra hópa. Stóruð verður varðveitt sem áfangastaður fyrir ferðamenn með áherslu á aðgengi.“</i></p> <p>Varðandi ábendingu um arðgreiðslur af hreindýraveiðum þá skal það áréttað að bætur eru greiddar þeim jarðareigendum sem verða fyrir ágangi hreindýra</p>
---	--

	<p>auk þess sem greitt er með hverju feldu hreindýri. Þegar um er að ræða svæði þar sem óheimilt er að veiða hreindýr þá koma ekki til greiðslur vegna felldra dýra en auk þess munu bætur vegna ágagns ekki verða greiddar fyrir það svæði þar sem veiðar eru óheimilar. Áfram er þá greiddur arður með felldum dýrum utan friðaða svæðisins auk þess sem tjón utan svæðisins er bætt.</p>
<p>Fisfélag Reykjavíkur</p> <p>Í umsögn sinni gerir félagið grein fyrir skilgreiningu hugtaksins loftfar.</p> <p>Félagið gerir þá athugasemdir við bann við landingum loftfara innan svæðisins í heild auk þess sem bent er á að mörg loftför valda hverfandi truflun sé tekið mið af umferð sem heimil er t.d. vélsleðaumferð.</p> <p>Mælt er með að loftfar verði betur skilgreint þannig að það útiloki ekki ekki öll loftför óháð því hvort þau valdi truflun eða ekki eða tjóni á náttúru</p> <p>Það er ósk félagsins að flugmönnum verði treyst til jafns við stjórnendur annarskonar fararmáta sem ferðast á jörðu niðri og eins verði tekið tillit til þess að hér er fjallað um víðfeðmt svæði og að stórum hluta fáfarið og því hægt að sérsníða reglur eftir þörfum.</p>	<p>Samgönguráðuneyti vinnur að nýrri reglugerð um stjórnun fjarstýrðra loftfara þar sem persónuvernd og öryggismál verða tekin fastari tókum. Fallið er frá algeru banni við notkun fjarstýrðra loftfara án leyfis utan þess að áfram er óheimilt að nota fjarstýrð loftför innan náttúruvættisins í Stóruð. Þess í stað er vísað í reglugerð um fjarstýrð loftför.</p> <p>Varðandi landingar þyrlna og annarra mannaðra loftfara auk athugasemdar við hugtakanotkun þá verður áfram notast við mönnuð loftför og landingar þeirra bundnar skilgreindum landingarstöðum en vísað í nánari útfærslu í stjórnunar- og verndaráætlun. Í vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun verður haft samráð við viðeigandi aðila um skilgreiningu landingarstaða innan landslagsverndarsvæðisins. Því er beint til Fisfélags Reykjavíkur og annarra félagasamtaka flugáhugafólks að gera tillögur að landingarstöðum til að fjalla um í stjórnunar- og verndaráætlun.</p>
<p>Hafranssóknastofnun</p> <p>Stofnunin bendir á hnökra í umfjöllun um ágengar tegundir í 10 gr. auglýsingar um friðlýsinguna.</p>	<p>Bætt hefur verið hugtakinu „ágengar“ inn í skilgreiningu um framandi tegundir.</p> <p>Þar sem vísað er í reglugerð nr. 583/2000 hefur texti verið lagfærður en þar segir nú:</p>

<p>Í 12. gr auglýsingar sem fjallar um landnotkun og mannvirkjagerð er tekið fram að efnistaka á svæðinu verði óheimil án leyfis Umhverfisstofnunar. Ennfremur er tekið fram að undanþegin banninu sé efnistaka landeigenda Hrafnabjarga við Knarrará.</p> <p>Hafrannsóknastofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 61, 2006 um lax- og silungsveiði er öll efnistaka í og/eða við veiðivötn háð leyfi Fiskistofu.</p>	<p><i>„Óheimilt er að rækta útlendar plöntutegundir á verndarsvæðinu sbr. 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.“</i></p> <p>Ákvæði þar sem fjallað var um að fjarlægja framandi tegundir plantna og/eða dýra hefur verið breytt sem hér segir:</p> <p><i>„Unnið skal að því að hefta útbreiðslu lúpínu, skógarkerfils og minks innan marka friðlýsta svæðisins“</i></p> <p>Varðandi efnistöku við Knarrará þökkum við sérstaklega ábendinguna en þó skal tekið fram að hér er um að ræða nýtingu gamallar námu Vegagerðarinnar sem nú er að litlu leiti nýtt til einkanota en gengur undir nafninu Knarrará.</p>
<p>Hjörleifur</p> <p>Hjörleifur lýsir yfir ánægju með tillögu um friðlýsingu.</p> <p>Bent er á aðgengilega umfjöllun um svæðið í árbók Ferðafélags Íslands 1974: Austfjarðafjöll, s. 170–175 og í árbók 2008 um Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði, s. 86–93 og 196–205.</p> <p>Til viðbótar því sem fram kemur í fyrirleggjandi tillögu að friðlýsingu telur Hjörleifur að horfa eigi til verndunar minja um búsetu fyrri tíðar á svæðinu, þar á meðal ríkulegar minjar um sjósókn á fyrri öldum allt frá Eiðaveri og Krosshöfða út að Selvognesi. Auk þess er bent á að æskilegt væri að skoða frekari friðlýsingar á meginhluta Dyrfjallaeldstöðvarinnar, t.d. ofan ákveðinnar hæðar yfir sjó (etv. 500 m).</p>	<p>Umhverfisstofnun þakkar innsendar upplýsingar.</p> <p>Varðandi vernd menningarminja þá gilda lög um menningarminjar nr. 80/2012 um þá vernd og eru menningarminjar í umsjá Minjastofnunar Íslands. Samráð hefur verið haft við Minjastofnun í undirbúningi þessarar friðlýsingar og mun fulltrúi Minjastofnunar eiga sæti í samstarfshóp um málefni hins friðlýsta svæðis.</p> <p>Hvað varðar ábendingar um stækkun svæðisins var niðurstaða samstarfshóps að leggja til það svæði sem nú er kynnt. Ekki er útilokað að unnið verði að stækkun svæðisins síðar en það er ekki til umræðu að svo stöddu.</p>

<p>Hlynur</p> <p>Gerð er athugasemd við að jörðin Heyskálar sé hluti friðlýsta svæðisins. Megin inntak friðlýsingar að svæðinu norðan Dyrfjalla snýr að verndun landslagsheildarinnar í kringum Stóruð. Eftir því er fram kemur þá er mat ummælanda að Heyskálar tilheyri ekki þeirri landslagsheild sem til stendur að vernda og því eigi jörðin ekki að fylgja inn í friðlýsinguna.</p>	<p>Í vinnu samstarfshóps um friðlýsingu verndarsvæðis norðan Dyrfjalla og náttúruvættisins Stóruðar hefur komið fram skýr vilji landeigenda um að jörðin Unaós-Heyskálar séu hluti hins friðlýsta svæðis.</p> <p>Verndargildi jarðarinnar felst í hinu fjölbreytta votlendissvæði sem er heimkynni fjölbreyttrar fánu fugla enda er svæðið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði af Náttúrufræðistofnun Íslands.</p> <p>Það er því mat samstarfshópsins að verndargildi svæðisins sé ótvírætt.</p>
<p>Ísleifur</p> <p>Bent er á að refagreni er að finna innan náttúruvættisins Stóruðar sem mikilvægt er að vinna til að vistkerfi svæðisins raskist ekki.</p> <p>Bent er á að vegur landeigenda Unaóss út í Stapavík hefur verið nýttur til grenjavinnslu með leyfi landeigenda.</p> <p>Send er fyrirspurn um heimildir til lausagöngu hunda til þjónustu innan svæðisins.</p> <p>Að lokum er fjallað um uppgöngu sela í Selfjót. Talað er um aukningu á sel við fljótið og er talið að verja þurfi veiði. Það er áréttað að samráð þurfi að vera á meðal þeirra sem sinna grenjavinnslu og selveiðum svo hagsmunir skarist ekki.</p>	<p>Í auglýsingu sem fyrir lá til umsagnar var öll veiði óheimil innan Stóruðar nema minkaveiði. Vegna ábendingar hefur verið bætt inn undanþáguákvæði þar sem refaveiðar eru heimilar.</p> <p>Varðandi akstur á landbúnaðarslóða í landi Unaóss-Heyskála þá er nánari skilgreiningum á notkun hans vísað til stjórnunar- og verndaráætlunar þar sem umfjöllun um umferð um einstaka slóða á fremur heima í stjórnunar- og verndaráætlun en í friðlýsingarskilmálum.</p> <p>Til að skýra orðalag í 14. gr um lausagöngu hunda hefur málsgrein verið breytt með eftirfarandi hætti:</p> <p>„Lausaganga hunda og annarra gæludýra er óheimil á svæðinu, nema um dýr landeigenda eða ábúenda sé að ræða eða þjónustuhunda, s.s. við veiðar og smalamennsku.“</p> <p>Hvað varðar selveiðar og fiskgengd bendir Umhverfisstofnun á að ekki er fjallað um það sérstaklega í friðlýsingarskilmálum svæðisins og að því gildi almennar reglur þar um.</p>

<p>Landgræðslan</p> <p>Landgræðslan fagnar áformum um friðlýsingu svæðisins og beinir þeim tilmælum að með friðlýsingunni verði leitast við endurheimt votlendis þar sem þess er kostur, einkum á ræktarlandi sem ekki er í notkun.</p> <p>Þá er lagt til að skoðaðir stækkunarmöguleikar hins friðlýsta svæðis í norðurátt eða um Héraðssand og að skoðað verði samhengi við hugsanlegan þjóðgarð.</p> <p>Að lokum bíður Landgræðslan ráðgjöf í þeim efnum sem að snýr að verksviði stofnunarinnar.</p>	<p>Tekið er undir að mikilvægt sé að hugsa til endurheimtar votlendis þar sem það er mögulegt og vonandi gefast tækifæri til þess innan hins friðlýsta svæðis. Í friðlýsingarskilmálum er gert fyrir að á jörðinni Unaós-Heyskálum verði áfram stundaður landbúnaður, en allir landeigendur verða hvattir til að endurheimta votlendi á því svæði sem ekki er nýtt sem ræktarland þar sem þess er kostur.</p> <p>Varðandi stækkunarmöguleika þá kemur friðlýsingarvinna sú er hér er unnið að ekki í veg fyrir frekari friðlýsingar í framtíðinni en ekki verður fjallað um möguleikana í þessari vinnu.</p>
<p>Minjastofnun</p> <p>Í umsögn sinni bendir Minjastofnun á að tvær stofnanir fari með stjórnáslu umhverfis og landslags eru tvær, þ.e. Umhverfisstofnun og Minjastofnun. Undir Minjastofnun fellur ekki eingöngu umsýsla með minjar heldur einnig menningarlandslag.</p> <p>Bent er á að fornleifaskráning svæðisins sem um ræðir er komin til ára sinna og þarfnast uppfærslu.</p> <p>Minjastofnun óskar eftir því að eiga fulltrúa í samstarfshóp svæðisins en sá fulltrúi getur stutt við- og leiðbeint varðandi vernd menningarminja innan svæðisins auk þess að miðla upplýsingum um þær.</p> <p>Stofnunin bendir á að leita þurfi leyfis Minjastofnunar fyrir rannsóknum, framkvæmdum og öðru raski sem haft getur áhrif á menningarminjar. Því er æskilegt, að mati stofnunarinnar að bæta inn í 6. gr. friðlýsingar að rannsóknir og vöktun geti verið háðar leyfi Minjastofnunar. Þá segir að í 11.</p>	<p>Til að mæta óskum Minjastofnunar var haldinn sérstakur samráðsfundur með Minjastofnun. Niðurstaða fundarins var að ákvæði 4. gr. friðlýsingar sem fjallar um umsjón svæðisins var breytt á þann hátt að fulltrúa Minjastofnunar í samstarfsnefnd friðlýsta svæðisins bætt inn til að auka upplýsingagjöf á milli stofnana og til þess að stuðla að vernd menningarminja. Að öðru leyti kemur ákvæði 11. gr. til móts við athugasemdir Minjastofnunar.</p>

<p>gr. þurfi að fjalla um að óheimilt sé að raska fornleifum án leyfis Minjastofnunar auk þess sem þær njóta 15 metra friðhelgunarsvæðis. Í 12. gr. er lagt til að bætt verði inn í umfjöllun að lög um menningarminjar nr. 80/2012 gildi um landnotkun og mannvirkjagerð og að óheimilt sé að veita leyfi til rannsókna eða framkvæmda án vettvangsathugunar m.t.t. fornminja. Varðandi 13. gr. er lagt til að bæta inn að ef viðburðir fari fram í eða við menningarminjar þurfi leyfi Minjastofnunar.</p>	
<p>Múlaþing</p> <p>Í bókun sveitarstjórnar Múlaþings, þann 13.1.2021, sem send var Umhverfisstofnun eru ekki gerðar athugasemdir við tillögu um friðlýsingu verndarsvæðis norðan Dyrfjalla og náttúruvættisins Stóruðar og var hún samþykkt.</p> <p>Sveitarstjórn óskaði eftir að Múlaþing fari með umsjón og rekstur svæðisins.</p> <p>Í annarri bókun sveitarstjórnar Múlaþings frá 8. fundi þann 10. Febrúar 2021 segir að stjórnun og umsýsla svæðisins ætti fyrst og fremst að vera í höndum heimafólks. Í því ljósi styður sveitarfélagið að gerður verði samningur við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs um umsjón svæðisins, en félagið hefur sinnt landvörslu á hluta þess undanfarin ár.</p>	<p>Í samráði við fulltrúa Múlaþings var ákveðið að hægt yrði að gera umsjónarsamning um umsjón svæðisins í samráði við samstarfshóp friðlýsta svæðisins. Með þeim hætti kemur fulltrúi sveitarfélagsins í samráðshópi að ákvörðun um umsjón svæðisins og getur þannig beitt sér fyrir að halda umsjón svæðisins í heimabyggð.</p>
<p>Náttúrufræðistofnun Íslands</p> <p>Stofnunin gerir efnislegar athugasemdir við greinar er fjalla um náttúrufar þess svæðis sem til stendur að friðlýsa en vísað er í umsögn stofnunarinnar varðandi leiðréttingar og dýpkun á texta friðlýsingarskilmála um náttúrufar.</p>	<p>Tekið var tillit til ábendinga um náttúrufar svæðisins.</p> <p>Varðandi stækkun friðlýsta svæðisins í sjó fram til að ná utan um sellátur þá verða ekki lögð fram rýmri mörk svæðisins að svo stöddu en friðlýsing sú sem hér um ræðir kemur ekki í veg fyrir stækkun í framtíðinni.</p> <p>Vísindalegt gildi svæðisins hefur verið áréttað í 2. grein auglýsingar.</p>

<p>Að auki leggur stofnunin til að leitast verði eftir að stækka friðlýsta svæðið í sjó fram norðan Gripdeildar og utan um Ósfles og styrkja þannig vernd landsels.</p> <p>Þá er lagt til að vísindalegt gildi svæðisins verði tekið fram sem eitt af verndarmarkmiðum.</p> <p>Að lokum leggur Náttúrufræðistofnun til að umferð reiðhjóla skuli bundin við hjólastíga og þeir skilgreindir sérstaklega vegna sérstakrar viðkvæmni jarðvegs á svæðinu.</p>	<p>Reiðhjólaleiðir verða skilgreindar í stjórnunar- og verndaráætlun í samráði við hagsmunaaðila og í þágu náttúruverndar.</p>
<p>Sigurlaugur</p> <p>Gerðar eru athugasemdir við texta um jarðfræði svæðisins sem til stendur að friðlýsa. Bent er á heimildir til að styðjast við í textagerð.</p>	<p>Umhverfisstofnun hefur leiðrétt jarðfræðitexta friðlýsingarskilmála í samræmi við tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands.</p>
<p>Vegagerðin</p> <p>Lögð er áhersla á að skýrt þurfi að vera að Vegagerðin hafi heimild til að sinna þjónustu og viðhaldi vegna innviða á hennar vegum án sérstaks samráðs við Umhverfisstofnun. Bent er á að framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru ekki heimilar án samþykkis Vegagerðarinnar, þar með talin eru skilti og önnur laus mannvirki.</p> <p>Þá er tekið fram að mikilvægt sé að tryggja námur innan svæðisins vegna viðhalds vega en tekið er fram að ekki liggi fyrir, að svo stöddu, hvar efnistaka geti orðið.</p> <p>Óskað er samstarfs vegna þessara þátta vegna frekari vinnu við friðlýsinguna.</p>	<p>Í samtali við Vegagerðina var áréttað ákvæði 12. gr. í auglýsingu um friðlýsingu svæðisins að „Heimilt er að halda við mannvirkjum, s.s. vegum og göngubrúum. Í vegalögum nr. 80/2007 segir í orðskýringum:</p> <p>„<i>Vegur</i>: Akbraut, sem er sá hluti vegar sem er fyrst og fremst ætlaður fyrir umferð ökutækja, öll önnur mannvirki og vegsvæði sem að staðaldri eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.“</p> <p>Varðandi efnistöku þá kom fram í 12. gr. í tillögu að friðlýsingu að efnistaka á svæðinu sé óheimil án leyfis Umhverfisstofnunar. Jafnframt var tekið fram að efnistaka væri aðeins heimil til einkanota landeigenda. Eftirfarandi heimild hefur verið bætt inn:</p>

	<p>„Vegagerðinni er heimil efnistaka, á þegar röskuðum svæðum, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, til viðhalds og minniháttar framkvæmda á vegum.“</p> <p>Gert er ráð fyrir að nánar verði fjallað um efnistöku og efnistökuastaðir skilgreindir við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið.</p>
<p>Þórhallur</p> <p>Í fyrirspurn er gerð athugasemd við að greinar friðlýsingar samræmist ekki verndargildum og markmiðum friðlýsingarinnar. Sérstaklega er augum beint að lausagöngu hunda og hrossa auk þess sem bann við notkun fjarstýrðra loftfara er ekki talið samræmast markmiðum. Þá segir að ekki verði séð hvernig bann við sjálfbærum veiðum samrýmist markmiðum friðlýsingarinnar.</p> <p>Að lokum segir að við lestur friðlýsingarinnar skíni í gegn sú „microstjórnunarárátta“ sem virðist hafa grafið um sig í stjórnkerfinu og leitast við að gera friðlýst svæði að ríki í ríkinu þar sem almenna reglan virðist vera sú að þar gildi önnur lög en annarsstaðar á landinu.</p>	<p>Tekið var tillit til athugasemda við að skýra þyrfti markmið friðlýsingar en í markmiðatexta friðlýsingar var eftirfarandi texti færður inn:</p> <p>„Hið verndaða svæði er varðveitt til náttúruupplifunar fyrir almenning og er kappkostað að innviðir geri sem flestum fært að njóta svæðisins án þess að skerða náttúruverðmæti og/eða upplifun annarra hópa. Stóruverð er varðveitt sem áfangastaður fyrir ferðamenn með áherslu á aðgengi.“</p> <p>Fallið hefur verið frá banni við notkun fjarstýrðra loftfara innan landslagsverndarsvæðisins og vísað í almennar reglur þar um ef undan er skilið náttúruvættið Stóruverð en þar verður notkun fjarstýrðra loftfara áfram óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar til að vernda upplifun og kyrrð innan svæðisins.</p> <p>Að sama skapi er veiði innan Stóruverðar takmörkum háð þar sem það er mat samstarfshópsins að skotveiðar eigi ekki að fara fram á ferðamannastað á sama tíma og gera má ráð fyrir að fjöldi ferðamanna heimsæki staðinn. Hins vegar verður heimilt að veiða rjúpur með leyfi landeigenda enda er ferðamannatími í lágmarki á þeim tíma sem heimilt er að veiða rjúpur samkvæmt almennum reglum þar um.</p>

Varðandi staðhæfingu um að friðlýst svæði séu ríki í ríkinu er vísað til þess friðlýsingar hafa stoð í lögum. Vinna við friðlýsingar fer fram með eins gegnsæjum hætti og kostur er þar sem landeigendur og aðrir þeir sem beinna hagsmuna eiga að gæta koma að því að útbúa friðlýsingarskilmála. Öðrum hagsmunaaðilum gefst færi til að koma athugasemdum varðandi einstök ákvæði friðlýsingar eða um almenn efnistöð til Umhverfisstofnunar en helstu hagsmunaaðilum er gerð grein fyrir því þegar friðlýsing liggur til umsagnar. Farið er yfir allar athugasemdir, þeim svarað og tekið tillit til þeirra ef rök hníga til þess.

Hvað varðar efni friðlýsingarskilmála bendir Umhverfisstofnun á að þær reglur sem settar eru fyrir svæðin taka mið af verndargildi svæðisins

Almenn ánægja hefur verið með það fyrirkomulag sem er viðhaft við friðlýsingar en ef fram koma tillögur til úrbóta á ferlinu er það vilji Umhverfisstofnunar að fá þær tillögur til sín en mögulegt er að senda tölvupóst eða hringja í stofnunina á opnunartíma.



Fyrirspurnir á kynningartíma

Svör Umhverfisstofnunar

<p>Einar</p> <p>Fyrirspurnir snúa að því hvers vegna verið sé að takmarka veiðar í Stóruð.</p>	<p>Til að skýra ástæðu takmarkana á veiðum hefur 2. gr. friðlýsingarinnar verið breytt þar sem kemur fram að markmið friðlýsingar sé að:</p> <p>„Hið verndaða svæði er varðveitt til náttúruupplifunar fyrir almenning og er kappkostað að innviðir geri sem flestum fært að njóta svæðisins án þess að skerða náttúruverðmæti og/eða upplifun annarra hópa. Stóruð verður varðveitt sem áfangastaður fyrir ferðamenn með áherslu á aðgengi.“</p> <p>Það er mat samstarfshópsins að skotveiðar eigi ekki að fara fram á ferðamannastað hins vegar var rjúpnaveiði heimiluð með leyfi landeigenda enda er rjúpnaveiðitímabil á lágannatíma í ferðamennsku.</p>
<p>Haukur – Landssamtök hjólreiðamanna</p> <p>Fyrsta fyrirspurn snýr að því hvers vegna skuli takmarka hjólreiðar svo mjög umfram takmarkanir í náttúruverndarlögum en skv. auglýsingu verður óheimilt að hjóla um náttúruvættið Stóruð?</p> <p>Í annarri fyrirspurn er farið spurt út í hvernig unnið verði með aðgengi fyrir reiðhjólafólk, hvort til séu tölur um gesti í Stóruð og hvernig ástand stíga svæðisins er fyrir friðlýsingu.</p>	<p>Í svörum kom fram að mikil umræða hafi skapast um hjólreiðar í samstarfshóp um friðlýsingu svæðisins. Niðustaðan var að vegna viðkvæmni svæðisins, votlendissvæða og þröngra göngustíga í Stóruð sé talið mikilvægt að takmarka hjólreiðar um svæðið. Það er ekki almenn stefna að takmarka hjólreiðar almennt innan landslagsverndarsvæðisins.</p> <p>Hjólreiðaleiðir verða skilgreindar í stjórnunar og verndaráætlun og leitast við að svæðið þjóni sem flestum hópum útivistarfólks.</p> <p>Síðari fyrirspurnin snýr mikið að stefnumótun svæðisins og þeim upplýsingum sem safnað er við landvörslu. Stefnumótunarvinna fer af stað við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar sem unnin verður í samráði við landeigendur og hagsmunaaðila.</p>

	<p>Hvorki eru til tölur um umferð um svæðið né heldur hafa verið gert ástandsmat til að meta ástand náttúru og innviða en slík gagnasöfnun mun fylgja aukinni landvörslu.</p> <p>Það er þó tekið fram að skv. munnlegum heimildum staðkunnugra þá er landið farið að láta nokkuð á sjá vegna ágangs.</p>
--	--

